



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Kt. 640269-6779 - Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður - sími: 450-2500 - talknafjordur@talknafjordur.is

Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 12. júní 2023

Efni: **Drög að aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026.**

Á 11. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.06.2023 var lagt fram erindi frá Menningar- og viðskiptaráðuneytinu dags. 06.06.2023 þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 107/2023 „Drög að aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu“. Nefndin færði eftirfarandi til bókar vegna málsins:

*Fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps fagnar að unnið sé á vegum ríkisins að aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu og leggur áherslu á að horft sé til skólastarfs í dreifðari byggðum í því verkefni.*

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

  
Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps

